

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

|                  |  |
|------------------|--|
| Umhverfisstofnun |  |
| Áb.              |  |
| 23 DES. 2008     |  |
| 54.23            |  |
| Tilv.            |  |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2008  
Tilvísun: UST20080800115/lbh

### **Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grímsnes- og Grafningshreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinagerð með deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks kemur fram að meginbreyting deiliskipulagsins er vegna frárennslis. Talið er að ekki gangi upp að hafa sameiginlegar frárennslislagnir fyrir frístundabyggðina vegna landslags og langra lagnaleiða en ekki gerð nánari grein fyrir þeirri afstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal gert ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi m.a. þar sem um er að ræða frístundabyggð. Stofnunin vill einnig benda á 4. grein í frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem liggur nú fyrir Alþingi (þskj. 230). Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélagið skuli sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki. Þar segir ennfremur hægt er að beita öðrum lausnum ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning. Stofnunin telur eðlilegt að sýnt verði fram á að kostnaður við sameiginlega fráveitu sé óhóflega mikill miðað við hreinsivirki fyrir hverja lóð sbr. 3. mgr. 18.gr. reglugerðar nr. 798/1999.

Þar sem fyrirhuguð frístundabyggð í landi Króks er innan vatnsverndarsvæði Þingvallavatns telur stofnunin óæskilegt að hreinsivirki verði við hverja lóð eða eitt fyrir 2-3 sumarhús, ekki nema verði sýnt með óbyggjandi hætti að ekki sé mögulegt að hafa sameiginlegar fráveitur.

Virðingarfyllst

Linda Björk Hallgrímsdóttir  
sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun